sbv Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/465
komudagur 6.12.2004

3. desember 2004

Alþingi,
menntamálanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til laga um brt. á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (330. mál)

Visað er í bréf nefndarinnar dags. 2. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV fagna 5. gr. frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir að heimild LÍN til að veita lán á markaðskjörum í samkeppni við almenn fjármálafyrirtæki verði felld brott, enda hlutverk sjóðsins að veita námsmönnum námslán eins og þau eru afmörkuð samkvæmt lögum, reglugerð og reglum LÍN á hverjum tíma. Óeðlilegt er að sjóðurinn hafi með höndum lánveitingar umfram það í samkeppni við lánafyrirtæki á markaði.

Að öðru leyti vísa SBV í athugasemdir Samtaka atvinnulífsins við frumvarpið, en SBV eiga aðild að SA gegnum Samtök fjármálafyrirtækja.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri